

Rannsóknastofnunin Neðri Ás, Hveragerði, Ísland
Skýrsla nr. 27

Sólskin á Íslandi

(*Sunshine in Iceland*)

VEÐURSTOFA ÍSLANDS
BÓKASAÐN

Páll Bergþórsson
Reykjavík

Söluumboð/ Distribution/ Verkaufsstelle:
Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar
Austurstræti 18, Reykjavík, Iceland

Hveragerði 1977

Tímarit
Ran

Rannsóknastofnunin Neðri Ás, Hveragerði, Íslandi hefir gefið út eftirtaldar skýrslur:

1. Tüxen, Reinbold und Hans Böttcher: Weide- und Wiesen-Gesellschaften (Molinio – Arrhenatheretea) in Südwest-Island, 1969.
2. Peirce, L. G.: Observations on vegetable production and related activities in Iceland. 1969.
3. Ellenberg, Heinz und Charlotte: „Kal“ – Das Kahlwerden von Kulturwiesen Islands als ökologisches Problem. 1969.
4. Siggeirsson, Einar I.: Rannsóknir á útbreiðslu kartöfluveiranna X og Y á Íslandi. 1970.
5. 't Hart, M. L. and W. H. van der Molen: Winterkilling of grasses in Icelandic hayfields. 1971.
6. Höll, Karl: Die heißen Quellen und Geysire Islands, ihre chemische Beschaffenheit und Verwendbarkeit. 1971.
7. Ellenberg, Heinz: Zur Kartenübersicht der Kahlschäden an den Kulturwiesen Islands im Jahre 1969. 1971.
8. Ruthsatz, Barbara und Erika Geyger: Wird die Intensivierung der Grünlandkultur in Island durch das Klima begrenzt? 1971.
9. Böttcher, Hans: Some remarks on the vegetation of South-Icelandic cultivated hayfields and their damages by winter-killing („kal“). 1971.
10. Siggeirsson, Einar I.: Interspecific crosses in the genus *Solanum* to obtain potato seedlings resistant to virus Y. 1972.
11. Kommedabl, Thor: Fusarium species in Icelandic soils in relation to winterkilling of grasses. 1972.
12. Siggeirsson, Einar I. og Jón Jónsson: Hveragerði. Landlýsing, jarðmyndun og gróðurfar. 1973.
13. Dierssen, Klaus: Moosgesellschaften auf isländischen Torfböden und ihre Abhängigkeit vom Wasser- und Nährstoffhaushalt. 1973.
14. Kommedabl, Thor and Einar I. Siggeirsson: Prevalence of Fusarium species in roots and soils of grassland in Iceland 1973.

HÁKONI BJARNASYNI
skógræktarstjóra

er þessi grein tileinkuð með þakklæti og virðingu
á sjötugsafmæli hans 13. júlí 1977.

Þú frjóvgar, gleður, fæðir allt
um fjöll og dali og klæðir allt,
og gangirðu undir, gjörist kalt,
þá grætur þig líka allt.

Ó blessuð vertu, sumarsól,
er sveipar gulli dal og hól
og gyllir fjöllin himinhá
og heiðarvötnin blá.

Páll Ólafsson, 1877.

SÓLSKIN Á ÍSLANDI

(SUNSHINE IN ICELAND)

Páll Bergþórsson

Reykjavík

FORMÁLI

Greinin skiptist í þrjá kafla. Í fyrsta kafla og tilheyrandi töflum 1–8 er lýst þeim athugunum, sem til eru um sólskin á Íslandi. Þar með má telja skýjahulu, sem er metin á hverri veðurstöð, sólskinstíma, sem hefur verið mældur á nokkrum stöðvum um lengri eða skemmtíma, og sólaryl, sem hefur aðeins verið mældur í Reykjavík um takmarkaðan tíma.

Í öðrum kafla og tilheyrandi töflum eru þessar athuganir notaðar til almennari ályktana um daglegt sólskin um allt land, bæði í einstökum veðurhéruðum og á einstökum sólskinsmælistöðvum. Í þessu skyni eru notaðar ýmsar tölfræðilíkingar, sem eru leiddar af athugunum í fyrsta kafla. Fyrst eru almennar upplýsingar um sólfgang í 9. töflu, en síðan koma töflur um dagsmeðaltöl fyrir hvern mánuð ársins, miðuð við sama 30 ára tímabil, nema þau sem eru óbreyttar frá ári.

Í þriðja kafla eru settar fram töflur 26–29, sem ásamt vitneskjum skýjahulu eiga að gera það kleift að áætla meðaltöl um sólskinstíma og sólaryl, bæði beinan og óbeinan, á hvaða tíma dagsins sem er, í hvaða mánuði ársins sem er og hvar sem er á landinu. Í þessu skyni má til dæmis nota skýjahulutölnar í 10.–25. töflu. Allt of rúmfrekt hefði orðið að birta hér allar þær töflur, sem þannig má setja saman, en hver sem er getur samið þær eftir þörfum.

Það er von höfundar, að þetta yfirlit sé talsvert raunhæfara en áður hefur verið völ á. Sérstaklega er bent á, að hér kemur fram, að skýjahuluathuganir eru ekki nógum nákvæmar til þess að byggja á þeim ályktanir um mismun sólskins á einstökum veðurstöðvum. Allmiklar villur hafa áður verið gerðar af þeim sökum, sjá til dæmis geislunarkort og töflur í riti Markúsar Á. Einarssonar, Global Radiation in Iceland. En ef menn gera sér skynsamlega grein fyrir takmörkunum þessara athugana, má hafa af þeim verulegt gagn til að finna meðaltöl heilla héraða. Nýjung er það, að hér er reynt að áetla svonefndan óbeinan sólaryl, sem er endurvarpað sólskin frá himni og skýjum. Verður þá að byggja á erlendri reynslu af samhengi þessa þáttar við skýjahulu og sólarhæð. Nánari vitneskja fæst væntanlega síðar um þennan þátt, þegar farið verður að mæla hann hér á landi.

FYRSTI KAFLI

Athuganir skýja og sólskins á Íslandi (1.-8. tafla)

Skýjahula árin 1931-1960 (1. og 2. tafla)

Skýjahuluna eða skýjamagnið meta veðurathugunarmenn í áttungum himinhvolfsins. Þeir reyna í huganum að safna öllum skýjum himinsins saman, svo að þau skilji sig frá heiðrikjunni, en ekki er tekið tillit til þess, hvort skýin eru þunn eða þykk. Það er talsvert vandasamt að gera þetta svo, að sambærilegar niðurstöður fáist á öllum stöðvum. Skýin eru venjulega þéttust að sjá niður við sjóndeildarhring vegna fjarlægðaráhrifa, og menn fá því misjafna útkomu eftir því hvort þeir líta fremur á skýin beint yfir sér eða neðar á himinhvolfi. Um þetta hafa leiðbeiningar veðurfræðinga og alþjóðleg fyrirmæli líka verið nokkuð á reiki. Að jafnaði er aðeins fjórðungur himinsins heiðrikur hér á landi. Ef sólskinsstundir eru áætlaðar eftir stærð þessarar heiðrikju, veldur skekkja um 0.1 áttung 5% skekkju á sólskinstímanum, gróft reiknað. Því er mikil nauðsyn að rannsaka, hver þessi athugananákvæmni muni vera.

Í meira en hálfu öld hefur Veðurstofan haft fjölda athugunarmana um allt land. Sumir hafa verið aðeins fá ár að störfum, aðrir lengi. Þegar sami maður metur skýjahulu á tilteknum stað í nokkur ár, má með samanburði við aðrar stöðvar finna, hvað hann hefði metið skýjahuluna árin 1931-1960, sem nú er alþjóðlegt viðmiðunartímabil í veðurfræði. Þetta er hægt, ef sýna má fram á, að skýjahula á samanburðarstöðvunum hafi verið metin á nokkurn veginn sama hátt á þessu tiltekna tímabili og á árunum 1931-1960, helst af sama manni. Þetta gerir okkur kleift að setja upp lista yfir áætlaða skýjahulu áranna 1931-1960 á fjölda mörgum stöðum, og oft er hægt að bera saman áætlanir nokkurra manna á einni og sömu stöðinni. Sem dæmi um þetta eru áætlanirnar úr einu veðurhéraði, Breiðafirði. Þar er meðal annars ein ágæt samanburðarstöð, Lambavatn, þar sem Ólafur Sveinsson athugaði veður samfleytt allt þetta 30 ára tímabil og fram til 1964.

Útkoman er þessi, og er þá átt við meðalskýjahulu ársins:

Stöð	Athugunar- maður	Skýjahula 1931-1960	Stöð	Athugunar- maður	Skýjahula 1931-1960
Hellissandur	A	6.7	Reykholar	B	6.4
Hellissandur	B	6.7	Ljárskógar	A	5.9
Stykkishólmur	A	5.6	Flatey	A	5.5
Stykkishólmur	B	6.3	Flatey	B	6.3
Stykkishólmur	C	6.5	Flatey	C	6.0
Stykkishólmur	D	6.2	Lambavatn	A	5.9
Búðardalur	A	6.2	Lambavatn	B	6.4
Reykholar	A	6.0	Hvallátur	A	6.6

Þessar 16 tölur eru lærðómsríkar. Sýnilega er nærrí því eins mikill munur á athugunum einstaklinga á hverjum stað og milli stöðva, en meðaltal allra talnanna er 6.20. Alls tókst mér að ná saman 184 mismunandi áætlunum um ársmeðaltal skýjahulu viðs vegar á landinu, og voru þá einnig nýttar athuganir, sem voru gerðar 1961-1970, en leiðréttar til þess að gilda 1931-1960 eins og hinarr. Af þessum 184 tölum eru 135, þar sem um fleiri en eina tólu er að ræða á sömu stöð, svo að hægt er að finna meðaltal á


stödinni og frávik frá því. Staðalvik reyndist vera 0.3 áttungar, en það þýðir, að í 32% tilfellanna sé frávik frá ætluðu meðaltali meira en 0.3 áttungar, en í 5% tilfellanna sé það meira en 0.6 áttungar. Skekkja um allt að því heilan áttung er því vel hugsanleg hjá einhverjum af öllum þessum fjölda.

Nú benda tölfræðilegar reglur og reynsla til þess, að skekkju í áætlun megi takmarka með því að taka meðaltal af áætlunum margra manna. Með því að nota minnst 10 tölur í meðaltalið ætti þannig skekkjan að verða þrisvar sinnum minni en hjá einstaklingunum. Hér hefur því verið gripið til þess ráðs að finna meðalskýjahulu ársins í hverju hinna átta veðurhéraða landsins. Hún kemur fram hér á eftir, ásamt fjölda áætlana í hverju veðurhéraði og sennilegri skekkju:

Veðurhérað	Fjölda áætlana	Meðal- skýjahula	Sennileg skekkja
Suðvesturland	32	5.78	0.05
Faxaflói	14	5.80	0.08
Breiðafjörður	16	6.20	0.08
Vestfirðir	22	6.53	0.06
Nordurland	43	6.03	0.05
Norðausturland	30	5.96	0.05
Austfirðir	16	5.88	0.08
Suðausturland	11	5.75	0.09

Sá munur, sem hér kemur fram milli veðurhéraða, virðist vera allvel staðfestur, og það styður niðurstöðuna, að skýjahula breytist reglulega frá einu héraði til annars. Þó að ekki sé hér farið nákvæmar í sakirnar, er með þessu ekki fullyrt, að ekki geti verið nokkur munur á skýjahulu innan hvers héraðs, til dæmis milli úthéraða og innsveita, láglendis og hálandis. Hins vegar kemur hann ekki skýrar fram en svo, að ég telji verulega byggjandi á þeirri niðurstöðu, og þeim samanburði er því sleppt.

Með þessu hefur einungis verið fundin skýjahula ársins í veðurhéraðum, og þá er eftir að skipta henni niður á einstaka mánuði, ef svo má segja. Í því skyni er notuð fyrsta tafla, sem er tekin úr



Veðurbhéruð og sólskinsmælistöðvar

Veðráttunni, ársyfirliti 1969. Hún sýnir skýjahulu einstakra mánaða árin 1931–1960 á 24 stöðvum. Enda þótt ekki sé treyst á meðaltöl stöðvanna, má ætla að á hverri stöð sé svipuð skekkja í skýjahulu alla mánuði ársins og frávikið frá ársmeðaltali sé því nokkuð rétt. Þannig er fundin önnur tafla um skýjahulu einstakra mánaða í veðurbhéruðum árin 1931–1960, eins og næst verður komist.

EKKI skal fjölyrt um þessa töflu, en þó kemur þar fram nokkuð skýrt munstur. Á Vestfjörðum er mest skýjað, og sérstaklega er haustið og veturinn þar drungalegur tími, en maí og júní eru vel sambærilegir við aðra landshluta. Þegar farið er frá Vestfjörðum til Suðausturlands, annað hvort austur um Nordurland eða suður um Vesturland, verður á skýjahulunni fremur regluleg breyting, svo að á Suðausturlandi er veturinn orðinn tiltölulega bjartasti árstíminn, en sumarið er skýjaðra en víðast annars staðar.

Með þessu er fengið yfirlit yfir skýjahulu á landinu. Næst verður hugað að sólskinsstundum um allt land og þar með fundið samhengi þessara þátta.

Sólskinsstundir 1931 – 1960 (3. tafla)

Með sólskinsmæli af Campbell-Stokes gerð hefur sólskinstími verið mældur á nokkrum stöðum á landinu. Þessi mælir er einfaldur að gerð, glerkúla, sem safnar sólargeislum í brenniddepil. Á ferli brenniddepilsins frá morgni til kvölds er komið fyrir blaðræmu, sem er merkt eftir sóltíma (sjá 9. töflu). Hvenær sem sólskin er nægilega sterkt, svíðnar blaðið, og svíðna rákin verður því lengri sem sólskinið stendur lengur hverju sinni. Mælingarnar hafa verið gerðar í Reykjavík frá 1924, á Reykhólum frá 1957, á Akureyri samfellt frá 1927, á Höskuldarnesi frá 1957, á Hallormsstað frá 1953, á Hólum í Hornafirði frá 1957, á Sámsstöðum í Fljótshlíð frá 1962, á Reykjum í Ölfusi frá 1972 og á Hveravöllum frá 1966. Mælingarnar á Reykjum þykja ekki hafa staðið nógu lengi til þess að draga af þeim verulegar ályktanir. Hér er sýnt meðaltal sólskinsstunda á dag í hverjum mánuði, 10 ára meðaltöl, en einnig fimm ára meðaltalið 1971–1975.

Til þess að fá samanburð við skýjahuluna, sem miðast við 1931 – 1960, hefur nú verið reiknað sólskinsmeðaltalið fyrir það tímabil á öllum sólskinsstöðvunum. Aðeins í Reykjavík og á Akureyri var athugað allt tímabilið, en á hinum stöðunum varð að nota samanburð við þessar tvær adalstöðvar til að finna áætlud 30 ára meðaltöl. Þau eru birt í þriðju töflu. Ennfremur er þar sýnt, hvað sólskin hefur getað mælst lengst á dag að jafnaði í hverjum mánuði, miðað við að heiðskírt sé. Þessi sólskinstími á hverjum stað fer auðvitað eftir hnattstöðu en einnig eftir fjallahring. Þeir sólskinsmælar, sem hér hafa verið í gangi, eru auk þess hádir þeim annmarka, að þeir mæla alls ekki meira en 18 stundir á dag, og einnig mæla þeir fremur illa, þegar sól er litlu sunnar en í norðvestri eða norðaustri. Þegar sól er á suðurhimni, virðast þeir hins vegar mæla, hvenær sem sólmiðja er komin eina grádu yfir láréttan sjóndeildarhring, eða jafnvél fyrr. Er þá ekki tekið tillit til ljósbrots í útreikningi sólarhæðar.

Sólarylur í Reykjavík (4. tafla, sjá einnig 5. og 6. töflu)

Síðan 1958 hefur sólarylur lengst af verið mældur í Reykjavík, og er þá átt við samanlagt beint og óbeint sólskin á láréttan flöt, en ekki hefur verið mælt, hvað óbeini sólarylurinn er mikill hluti af þeim samanlagða. Lengi vel voru þessar mælingar erfideikum bundnar, þar sem mælar voru í hættu vegna skemmdarverka á gamla vatnsgeyminum við Sjómannaskólan. Þeir brotnuðu iðulega, stundum án þess að vitað væri nægilega um leiðréttingu þeirra. Nokkur undantekning var það, að vel prófaður mælir var samfleytt í notkun frá 1962 og fram á árið 1967, og verður hér fyrst og fremst stuðst við mælingar, sem með honum voru gerðar. Meðaltöl þeirra fyrir hvern mánuð eru sýnd í 4. töflu, en til samanburðar er í 5. töflu sýndur meðalsólskinstíminn á dag í hverjum þessara mánaða, ennfremur meðalskýjahula í 6. töflu.

Sólskinstími og sólarylur á ýmsum tímum dags (7. og 8. tafla)

Fróðlegt er að sjá, hvernig sólskin breytist frá morgni til kvölds, bæði sólskinstíminn á klukkustund og sólarylur. Þetta er sýnt fyrir Reykjavík í 7. og 8. töflu. Samtímis skýjahula er sýnd í báðum töflum. Sú skýjahula verður að teljast sæmilega áreiðanleg þótt á cinni stöð sé, þar sem fjölmargir athugunarmenn störfuðu í Reykjavík á hvoru þessara tímabila. Í þriðja kafla verður svo reynt að draga af þessu ályktanir, sem gera það mögulegt að finna sólskinið á sama hátt hvar sem er á landinu.

ANNAR KAFLI

Útreiknuð dagsmeðaltöl sólskins um land allt (9. – 25. tafla)

Hér á undan hefur verið sagt frá þeim athugunum sólskins og skýjahulu, sem völ er á. Þær eru greinilega mjög takmarkaðar, og sumar eingöngu bundnar við Reykjavík. Nú verður reynt að draga

sem víðtækastar ályktanir af þessum þekkingarmolum um sólskinstíma og sólaryl um allt land. Þar sem þessar athuganir þrýtur, verður jafnvel stuðst við erlenda reynslu. Skýjaathuganir gegna hér veigamiklu hlutverki í veðurhéruðum, en á einstökum stöðum er þeim ekki að treysta. Á sólskinsstöðvum er hins vegar byggt á sólskinsmælingum. En auk þessara sérstöku stærðfræðilegu reynsluformála er hreinlega hægt að reikna út ýmsa þætti eftir alkunnum formálum, og þeir verða hér notaðir í því skyni.

Sólstuðull. Svo er kallaður sá sólarylur, sem geislar til jardar frá sólu, þegar hún er í meðalfjarlægð frá jörðu. Þessi geislun miðast við flót hornréttan á geislana utan gufuhvolfs. Hér er hún talin í kílójúlum á fermetra á sekúndu (þe kW á fermetra). Þykir þetta edlilegri eining en kalória á fersentímetra, sem mjög hefur verið notuð um sólaryl, en ein kalória á fersentímetra er 41.855 kílójúl á fermetra. Síðustu áratugi hafa flestir talið, að sólstuðullinn væri 2.0 kalóriúr á fersentímetra á mínútu, eða 1.395 kílójúl á sekúndu. Mælingar utan gufuhvolfs og efst í því hafa svo verið gerðar á seinni árum, og yfirleitt sýna þær, að sólstuðull sé nokkru lægri, eða 1.36 kJ/m²/sek. Hér verður þó notaður sólstuðullinn 1.39 kJ/m²/sek. Þetta skiptir þó minna máli um niðurstöður þessarar greinar en ætla mætti, nema þá í útreikningi sjálfs sólarylsins utan gufuhvolfs. Ef önnur tala hefði verið notuð fyrir sólstuðulinn í reynsluformálum, hefði það aðeins orðið til að breyta öðrum fastatölum formálanna, en litlu eða engu um útkomuna úr þeim.

Hádegi, fjarlægð jardar frá sólu og breidd sólar (9. tafla)

Í þessari töflu er sýnt eftir alþjóðlegum töflum, hvað klukkan er á hádegi á 15da baug vesturlengdar á ýmsum árstímum, ennfremur, hvað er fjarlægðin frá sólu á sama tíma (í hlutfalli við meðalfjarlægð á árinu), einnig svonefnd breidd sólar á himinhvolfi.

Hver árstími í töflunni er þannig valinn, að sólarylur utan gufuhvolfs þann dag sé um það bil sá sami og hann er að meðaltali í viðkomandi mánuði. Auk þess eru tekin með sólhörf á sumri og vetrí.

Að jafnaði yfir árið verður sólin í hásuðri klukkan 13 á 15da baug vesturlengdar, eins og íslenska klukkan er nú sett. Þessi lengdarbaugur liggur yfir Langanes. En vegna halla jarðmönduls og af því að hraði jardar er dálitið breytilegur á sporbaug hennar kringum sólu, er hádegið þó stundum fyrr eða seinna, og það kemur fram í töflunni. Fyrir hvern lengdarbaug fyrir vestan þann fimmtanda er hádegið auk þess 4 mínútum seinna en í töflunni segir, en að sama skapi fyrr fyrir austan hann. Þegar sól er í hádegisstað, er klukkan talin 12 eftir sóltíma.

Fjarlægð jardar frá sólu er dálitið breytileg eftir árstíma, af því að jörðin gengur eftir sporbaug en ekki hrинг. Þessi fjarlægð telst hér vera 1.0, þegar jörðin er í meðalfjarlægð frá sólu. Sólarylur er í öfugu hlutfalli við kvaðrat þessarar fjarlægðar, og er þannig 7% meiri í byrjun janúar en í byrjun júlí, miðað við sömu sólarhæð og tært loft.

Breidd sólar á himinhvolfi telst vera 0 um jafndægur, því að þá er hún nákvæmlega á miðbaug himins, sem er 90° frá meðalstað þólstjörnu yfir sólarhringinn.

Sólskin og skýjahulu um landaallt (10. – 25. tafla)

Þessar 16 töflur eiga að sýna sennilegstu mánaðameðaltöl daglegrar skýjahulu og sólskins á öllu landinu fyrir hvern mánuð á tímabilinu 1931–1960. Ekki verður komist hjá að greina nokkuð frá stærðfræðiformálum, sem hafa verið notaðir í þessu skyni, en þó verður sleppt þeim sem alkunnir eru, svo sem um sólargang og sólaryl utan gufuhvolfs. En bent skal á, að lesendur þurfa ekki að setja sig inn í þessar formúlur til þess að hafa gagn af töflunum, sem eftir þeim eru reiknaðar. Alls staðar er miðað við, að notaðir séu sólskinsstundamælar, sem ná öllu sólskini fyrir ofan einnar gráðu hæð yfir sjóndeildarhring í heiðríkju. Tíminn í hverjum mánuði er þannig valinn eins og áður segir, að sólarylur sé þá hérumbil sá sami og hann er að meðaltali í mánuðinum, en auk þess eru teknar með sumarsólstöður og vetrarsólstöður. Sólargangur er sýndur í næstu tveim dálkum, annars vegar miðaður við að sólmiðja sé

yfir láréttum sjóndeildarhring, hins vegar að hún sé meira en eina gráðu yfir honum, hvort tveggja án tillits til ljósbrots. Sólarylur utan gufuhvolfs er líka sýndur, miðað við láréttan flöt. Þá er dálkur fyrir sólaryl á jörðu niðri í heiðríkju, einnig fyrir óbeinan sólaryl í heiðríkju. Næst er meðalskýjahula 1931–1960. Í veðurhéruðum er hún tekin eftir athugunum, á sólskinsstöðvum er hún reiknuð eftir sólskinsmælingum. Næst kemur dálkur fyrir sólskinstíma í meðalskýjuðu, miðaður við að sólskin geti mælst hvenær sem sólmiðja er eina gráðu fyrir ofan sjóndeildarhring. Þá kemur sólarylur á dag í meðalskýjuðu, einnig óbeini sólarylurinn, en að síðustu áætlaður sólarylur í alskýjuðu veðri.

Nú verður vikið nánar að hverjum þessara dálka í 10.–25. töflu.

Sólarangur yfir 0°. Hér er átt við þann tíma, þegar sólmiðja, án tillits til ljósbrots, er hærri en 0° yfir láréttan sjóndeildarhring. Þá fer geislun að mælast á láréttan flöt utan gufuhvolfs, að vísu með því skilyrði, að sól reiknist sem depill. Pennan sólfgang er auðvelt að reikna.

Sólarangur yfir 1°. Hér er átt við þann tíma, þegar sólmiðja er meira en eina gráðu fyrir ofan láréttan sjóndeildarhring, án tillits til ljósbrots. Reynslan í Reykjavík og annars staðar á landinu sýnir, að í sæmilega tæru lofti getur sólskin komið fram á Campbell-Stokes mælinum, þegar sólin nær þessari hæð á suðurhimni. Til þess að sólskin mælist, þegar sól er skammt fyrir sunnan norðvestur eða norðaustur, virðist þó svo sem sólin þurfi að vera eitthvað hærri á lofti. En ef bætt væri úr þessum ágalla mælisins, og það er hægt, sýnist mega hafa 1° sólarhæð til marks um, að sólskinsstundir fari að geta mælst, ef ský byrgja ekki.

Sólarylur utan gufuhvolfs. Með þessu er átt við sólaryl á láréttan flöt, og hann er auðvelt að reikna, ef kunnugt er um sólstuðulinn, sem áður er getið.

Sólarylur í heiðríkju. Sólskinsmælingar í Reykjavík árin 1962–1967 sýna, að á heiðríkjum dögum getur samanlagður sólarylur á láréttan flöt orðið um 60% af sólarylnum utan gufuhvolfs í skammdeginu, en yfir 80% á sumrin. Munurinn stafar af því, að tiltölulega meira tapast af sólaryl á leið gegnum gufuhvolfið þegar sól er lágt á lofti. Sólaryl í heiðríkju má tákna sæmilega með

eftirfarandi reynsluformála, þar sem sólarylurinn G er talinn í kílójúlum á fermetra á dag:

$$G = 0.287 \left(I / \sin(3.75S_O) \right)^{0.1} I \quad (1)$$

Hér táknað I sólaryl á dag utan gufuhvolfs í kílójúlum á fermetra, en S_O sólfgang yfir 0°. Þessi reynsluformáli byggist á athugunum í Reykjavík á heiðríkjudögum. En þar sem hægt er að reikna I og S_O á öllum breiddarstigum og árstímum, má ætla að formálinn gildi um allt land alla mánuði ársins.

Óbeini sólarylur í heiðríkju. Óbeint sólskin hefur ekki verið mælt hér á landi, en með því er átt við endurskin frá himni og skýjum. Um það er hins vegar æskilegt að vita eitt-hvað, til dæmis vegna útreikninga á hitun húsakynna af sólskinini. Kimball hefur fundið, eftir rannsóknum í Bandaríkjunum, hvað beini sólarylurinn í heiðríkju er eftir sólarhæð. Er hann þá tilgreindur í hlutfalli við samanlagða sólarylinn í heiðríkju, og reyndist vera frá 63–84%, þegar sólarhæð er 10–60°:

Sólarhæð	60.0°	41.7°	30.0°	23.5°	19.3°	16.4°	14.3°	12.6°	11.3°	10.2°
Beinn sólarylur	0.84	0.84	0.80	0.78	0.76	0.72	0.69	0.67	0.65	0.63

Óbeini sólarylurinn er svo mismunur samanlagða og beina ylsins. Pennan árangur hef ég tekið saman í eftirfarandi reynsluformála:

$$D = G \left(1 - 0.935I / (423S_O + I) \right) \quad (2)$$

þar sem D er óbeini sólarylurinn, en G, S_O og I er áður útskýrt. Samanburður við mælingar í Bergen gefur gott samræmi við þennan formála, og þar til annað sannast verður því ætlað að hann megi líka nota hér á landi. Það er þó ágiskun mín, að með þessum formála sé óbein geislun í heiðríkju nokkuð ofmetin hér á landi.

Samhengi sólskinstíma og skýjahulu. Úr annarri og þriðju töflu má finna almennt samhengi sólskinstímholtfallsins s/S og skýjahulunnar N á landinu öllu, en með s er átt við sólskinsstundir á dag, og með S er átt við sólskinstímann í heið-

ríku á staðnum. Best hefur mér reynst að tákna þetta samhengi með reynsluformála, sem er byggður á 2. og 3. töflu og hljóðar svo:

$$s/S = (1 - (N/8)^{1.2})^{(1507S/G)^{0.27}} \quad (3)$$

Er þá reiknað með að sólskinsstöðvarnar átta séu svo í sveit settar, að skýjahula þar sé að *jafnaði* svipuð og í veðurhéruðum landsins. Áhersla var lögð á, að þessi formáli gæfi sem sennilegastar niðurstöður hvort sem sólskin væri mikil eða lítið, meðal annars þannig, að s reiknaðist sama og 0, þegar N væri 8 (alskýjað), en s yrði sama og S þegar N væri 0 (heiðríkt). Formálinn er auk þess í góðu samræmi við þá reynslu, að hlutfallið s/S verður hærra á sumrin en á veturna, miðað við sömu skýjahulu.

Reynsluformálanum má nú snúa við, ef svo má segja, til þess að reikna N, þegar vitað er um s og S:

$$N = 8 \left\{ 1 - (s/S)^{(G/1507S)^{0.27}} \right\}^{0.833} \quad (4)$$

Þar sem sólskinsstundamælingar verða að teljast mun öruggari en skýjahuluathuganir á einstökum stöðum, verður þessi formáli nú notaður til að finna skýjahulu í töflum 18–25. Í þeim mánuðum, þegar lítið eða ekkert sólskin hefur mælst, er skýjahulan á stöðinni fundin með hliðsjón af skýjahulu viðkomandi veðurhéraðs og skýjahulu annarra mánaða á stöðinni sjálfri. Í töflum 10–17 er hins vegar sett skýjahulan eins og hún var fundin út frá athugunum í veðurhéruðum.

Sólskinstími á bersvæði í meðalskýjuðu. Þegar vitað er um skýjahulu, er hægt að nota formála (3) til þess að reikna sólskinstíma á dag. Hér verður það gert með þeim fyrirvara, að mesta hugsanlegt sólskin á dag, S, miðast við að sól sé meira en 1° yfir sjóndeildarhring. Í þessum útreikningi er notuð sú skýjahula, sem athuganir hafa sýnt í veðurhéruðum, en útreiknuð skýjahula á sólskinsstöðum eins og áður sagði. Með þessu móti

reiknast eðlilega dálitið meira sólskin á stöðvunum en mælingar sýna, þar sem fjallahríngurinn er hreinsaður burt í útreikningnum, ef svo má segja. En þannig fást líka sambærilegar tölur milli stöðva og veðurhéraða.

Sólarlur í meðalskýjuðu veðri. Með samanburði á sólarlur og sólskinstíma í Reykjavík árin 1962–1967 (4. og 5. tafla) hefur verið fundinn reynsluformálinn:

$$g = G (0.8 (s_1/S_1)^{0.8} + 0.2) \quad (5)$$

þar sem s_1 og S_1 miðast við að sólskin geti mælt þegar sólmiðja er 1° yfir sjóndeildarhring. Í heiðríku verður þá $g/G = 1.0$, þegar s_1 er sama og S_1 , en í sólarlausu veðri verður g/G sama og 0.2, sem þýdir að ylurinn frá sólinni sé þá að jafnaði 20% af sólarlur í heiðríku. Allmargar mælingar virðast styðja þá niðurstöðu, þó að mismunandi þykkt skýja valdi því, að þetta hlutfall verður stundum lægra en 0.2, en stundum talsvert hærra. En á því bili sem algengast er, þegar sólskinshlutfall er $20\text{--}50\%$, virðist formálinn mjög nærrí lagi í mánaðameðaltölum. Eftir þessum reynsluformála er nú reiknaður sólarlur í meðalskýjuðu í töflum 10–25.

Hér má geta þess að þessi formáli á ekki vel við, þegar jörd er hvít af snjó vegna endurvarps sólarlys til himins og þaðan aftur á sólarlysmæli.

Óbeint sólarlur í meðalskýjuðu veðri. Eins og fyrr segir hefur óbeint sólskin ekki verið mælt hér á landi. Heldur en ekki neitt verður því stuðst við reynslu frá Bretlandseyjum og Bergen til að áætla óbeina sólarlinn. Sá formáli sem höfundi líst best á og er í eðlilegu samræmi við formálann um óbeina sólarlinn í heiðríku, er eftirfarandi:

$$d = g (1 - (0.935 \sqrt{8 - N}) / (423S_0 + I)) \quad (6)$$

Hér táknað d óbeina sólarlinn. Skýrt verður að taka fram, að þessi formáli er miðaður við mánaðameðaltöl, ekki einstaka daga, því að hér verður munurinn á þessu tvennu sérstaklega áberandi.

Óbeinn sólarylur í alskýjuðu veðri. Hann er einfaldlega fundinn sem 20% af sólaryl í heiðrikju, sem sagt allur sá sólarylur sem berst til jarðar að jafnaði í alskýjuðu. Hann er sýndur í síðasta dálki taflnanna 10-25.

PRIÐJI KAFLI

Almennar töflur um sólskin á ýmsum tínum dags (26.-29. tafla)

Nú verður sýnt, hvernig ætlast má á um sólskinstíma og sólaryl á ýmsum tínum dagsins hvar sem er á landinu og á ýmsum árstínum, eftir sólarhæð og skýjahulu.

Sólarhæð (26. tafla) Til þess að reikna sólarhæð eftir sóltíma á ýmsum árstínum er notaður alkunnur formáli, sem er óþarfi að tíunda hér. Tafla 26 um sólarhæð er reiknuð fyrir klukkan 12 30, 13 30, 14 30 osf. og miðuð við sóltíma, samanber 9. töflu. Sólarhædin er reiknuð fyrir breiddargráðurnar 66.5 og 63.5, sem sagt nyrst og syðst á landinu, og eftir því má áætla hana annars staðar á landinu með nægjanlegrí nakvæmni. Ef auk þess er vitað um meðalskjahulu sólarhringsins, er hægt eftir þessu að finna sólskinstíma, samanlagðan sólaryl og óbeinan sólaryl á klukkustund. Þetta er sýnt í 27., 28. og 29. töflu.

Sólskinstími á klukkustund, í mínumúnum (27. tafla). Hér verður stuðst við 7. töflu um sólskinstíma á klukkustund í Reykjavík, ásamt samtímis skýjahulu. Eftir henni hefur verið settur saman reynsluformáli, sem er á þessa leið:

$$s/S = (1 - (N/8)^{1.2})^{(1011/H)^{0.359}} \quad (7)$$

þar sem H er sólarylur á klukkustund í heiðrikju, talinn í kilójúlum á fermetra, reiknaður eftir sólarhæð á eftirfarandi hátt:

$$H = 4425 \sin^{1.1} h/r^2 \quad (8)$$

þar sem h er sólarhæð og r er hlutfallsleg fjarlægð frá sól (sjá 9.

töflu). Þessum áhrifum fjarlægðar frá sól verður þó sleppt hér. Reynsluformálinn (8) er leiddur út frá formála (1).

Nú er spurt um sólskinstíma á klukkustund, talinn í mínumúum, og því verður S sett 60. Þar sem H er eingöngu háð sólarhæð, fæst hér sólskinstíminn á klukkustund sem fall af sólarhæð og skýjahulu, og er sýndur í 27. töflu. Eins og við er að búast, leiðir af þessu, að sólskinsmínútur á klukkustund eru færri að morgni og kvöldi en um miðjan dag, og eins færri að vetri en sumri, ef reiknað er með sömu skýjahulu. Töfluna 27 má prófa með samanburði við 7. töflu, og yfirleitt sýnir hún gott samræmi við athuganirnar í Reykjavík.

Sólarylur á klukkustund (28. tafla). Af 8. töflu og tilsvarandi sólarhæðum í Reykjavík má draga eftirfarandi reynsluformála:

$$g/G = (0.8 (s/S)^{0.9} + 0.2) \quad (9)$$

þar sem g er sólarylur, beinn og óbeinn, en s/S er sólskinstímahlutfallið, fundið úr 27. töflu. Eftir þessu má reikna 28. töflu, þar sem sólarylur á klukkustund er sýndur sem fall af skýjahulu og sólarhæð. Samanburður við athuganir í Reykjavík í 8. töflu sýnir gott samræmi.

Óbeinn sólarylur. Áður var lýst reynsluformála (6) sem var settur saman til að lýsa óbeinum sólaryl. Hann er auðveldlega hægt að umskrifa á eftirfarandi hátt:

$$d = g(1 - 0.935 \sinh \sqrt{8 - N} / (0.0846 + \sinh)) \quad (10)$$

Eftir þessum formála er reiknuð 29. tafla um óbeinan sólaryl sem fall af sólarhæðinni h og skýjahulunni N. Hér gildir enn sem fyrr, að formálann má ekki nota um sólaryl einstakra daga, heldur aðeins mánaða.

Birta. Samkvæmt rannsóknum Kimballs í Washington samsvarar sólarylurinn kilójúl á klukkustund á láréttum fermetra 27-32ja líxa birtu á láréttum fleti (1 lux = birta af einu málkerti í eins metra fjarlægð). Nærtækara mun þó vera að miða við athug-

anir í Bergen, þar sem sami sólarylur samsvarar 33 lúxum. Ef vit-
að er um sólarhæð og skýjahulu, má því nota 28. töflu til að ætlast
á um samsvarandi sólarbirtu.

Útfjólu blá geislun. Í Bergen er hún oftast tær 5% af öllum sólarylnum, og má etv. nota þá tölu hér á landi til bráðabirgða.

ÁLYKTANIR

Þær athuganir, sem hafa verið gerðar á sólskinni á Íslandi, eru að flestu leyti mjög takmarkaðar. Helst eru þær fólgunar í mælingum á sólskinsstundum, aðallega á áttu stöðum á landinu. Sólarylur (global radiation) hefur varla verið mældur annars staðar en í Reykjavík, svo að mark sé á takandi, en engin vitneskja er um skiptingu hans í beinan og óbeinan sólaryl. Skýrslur um sólskinstíma eftir tíma sólарhringsins eru aðeins til prentaðar frá Reykjavík og Akureyri, en ekki hefur verið unnið úr þeim að ráði, og skýrslur um sólaryl eftir tíma sólарhrings eru aðeins til frá Reykjavík.

Svo virðist sem úr þessu takmarkaða efni megi þó vinna allytarlegt yfirlit yfir sólskin á landinu öllu, ef notaðar eru reynsluformúlur, sem falla sem allra best að þeim gögnum sem til eru. Í þessu skyni má meðal annars nota skýjahuluathuganir. Þær eru rannsakaðar með gagnrýni og sýna sig að vera því aðeins nothæfar í þessum tilgangi, að notuð séu meðaltöl af athugunum margra manna, þar sem persónuleg frávik verða annars of mikil. Fundin eru meðaltöl skýjahulu fyrir áttu veðurhérud á landinu og eftir þeim er svo fundinn fjöldi sólskinsstunda, sólarylur og enn fremur óbeinn sólarylur. Síðasti þátturinn er þó reiknaður með tilliti til erlendra mælinga og tilheyrandi reynsluformála. Á sólskinsstöðvum er hins vegar gengið út frá mælingum sólskinsstunda og aðrir þættir reiknaðir út frá þeim. Þá er að lokum fundið, hvernig sólskinstími, sólarylur og óbeinn sólarylur tengjast skýjahulu og sólarhæð, en eftir því má reikna þessa þætti á mismunandi tímum dagsins á hvaða árstíma sem er í veðurhérudunum áttu og á sólskinsstöðvum um áttu.

LOKAORD

Þessi grein var upphaflega samin að beiðni ritnefndar hátíðarits vegna sjötugsafmælis Hákonar Bjarnasonar skógræktarstjóra þ. 13. júlí 1977. Enda þótt ekki reyndist rúm í bókinni fyrir greinina, er mér jafn umhugað að tileinka hana skógræktarstjóranum hugumstóra. Sólskin er eins og allir vita, frumskilyrði ræktunar, sem hefur verið ævistarfr Hákonar, og gaman er að minnast þess, að á þessu sama ári eru 100 ár liðin frá því að Jón Ólafsson afi hans létt prenta í fyrsta sinn sólskinsóð Páls bróður síns, Ó blessuð vertu sumarsól.

Þær athuganir, sem þessi grein er niðurstaðan af, hafa verið alltímafrekar, einkum þó leitin að heppilegum reynsluformálum, enda hefur þetta verið unnið í tómstundum eingöngu. Það hefði ekki verið hægt án mikillar þolinmædi og stuðnings heimilisfólks míns, einkum konu minnar Huldu Baldursdóttur. Dr. Þorsteinn Sæmundsson tölvureiknaði fyrir mig þýðingarmikil hjálparðogn um geislun og sólargang á Íslandi og Adda Bára Sigfúsdóttir var mér hjálpleg um ýmsar upplýsingar. Baldur Pálsson aðstoðaði mig við endanlegan útreikning taflnanna. Gísla Sigurbjörnssyni forstjóra þakka ég áhuga hans að koma þessari grein fyrir almenningarsjónir.

TILVÍSANIR

Vedráttan, 1924–1975.

Radiation Observations in Bergen, 1965–1973.

Manley, Gordon, 1970: The Climate of the British Isles. Úr safnritinu World Survey of Climatology.

Smithsonian Meteorological Tables, 1951.

Einarsson, M. Á., 1969: Global Radiation in Iceland.

SUNSHINE IN ICELAND

Páll Bergþórsson
Reykjavík

SUMMARY

Tables 1–8 summarize available observations of cloudiness and sunshine in Iceland. The root-mean-square error in cloudiness for 135 observers is computed and found to be ± 0.3 octas which amounts to $\pm 15\%$ of the average clear part of the sky. This is not considered to be a sufficient accuracy in order to compute sunshine duration and global radiation. A better result is obtained by computing the mean cloudiness in eight forecast regions of the country, where the root-mean-square error is estimated to be ± 0.1 octas or less, table 2. In table 3, the sunshine duration s at 8 stations is summarized. For comparison it has been reduced to the international period 1931–1960, as well as the cloudiness observations. We also give in the lowest line for every station the maximum measurable sunshine duration S , using the Campbell-Stokes recorder. Observations of solar radiation have only been performed in Reykjavík, and in table 4 there is a summary of a selected period with a well calibrated instrument. For comparison the corresponding observations of sunshine duration and cloudiness are tabulated in tables 5 and 6. Table 7 contains mean hourly values of sunshine duration in the period 1925–1954, and table 8 gives mean hourly values of global radiation in the period 1962–1967. The corresponding mean cloudiness is given in the lowest lines of tables 7 and 8.

Table 9 contains some general information on three factors, time of local noon at 15° W of Greenwich, radius vector r and the declination of the sun. The dates in the table are so selected that the total solar radiation outside the atmosphere is equal to the

average solar radiation of the corresponding month. Furthermore, the values at the solstices are tabulated.

In tables 10–25, the scanty observations in tables 1–8 are utilized with the aid of empirical equations to compute several factors related to sunshine in the eight forecast regions of Iceland and at the eight sunshine stations. The two first columns contain the daily duration of the sun's centre being above 0° and 1° , S_0 and S_1 , refraction not being considered. In the third column we give the computed solar radiation I outside the atmosphere, assuming the solar constant to be 1.39 kW/m^2 . Then we have the computed global radiation G in cloudless weather, using an empirical formula (1):

